

Mál nr. 396/2016**M og
og váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar vélsleðans X.****Slys í Hlíðarfjalli 1. apríl 2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttækið 22.11.2016, ásamt fylgigögnum og bréfi dags. 13. desember 2016.
Bréf V, dags. 7.12.2016.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M var á slysdegi starfsmaður hjá fyrirtækinu Y, en í málskoti kemur einnig fram að það fyrirtæki hafi skipulagt viðburð sem fólst í því að keppt var í að stökkva af stökkpöllum, sem starfsmenn fyrirtækis bjuggu til, á skíðasvæði Hlíðarfjalls. Að því er virðist voru veðuraðstæður ekki með besta móti en M kveðst hafa látið eftir þrýstingi yfirmanns síns um að láta draga sig með vélsleðanum X niður skíðabrekkuna til að ná nægilegri ferð til að geta framkvæmt stökk á pallinum. Þegar M hafi síðan verið dreginn aftan í vélsleðanum X hafi hraði orðið of mikill og hann hafi því stokkið of hátt og lent þónokkru frá landingarstað og hlaut nokkuð högg af og líkamstjón sem ekki er ástæði til að tilgreina nánar.

M telur að slys hans megi rekja til notkunar vélsleðans X skv. hlutlægre ábyrgðarreglu 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og beri eigandi hans því skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M skv. 1. mgr. 90. gr. sömu laga. V sé ábyrgðartryggjandi X og sé því greiðsluskylt vegna afleiðinga líkamstjónsins. M leggur áherslu á að hann hafi verið undir nokkurri pressu að framkvæma stökk með þessum hætti frá samstarfsmönnum sínum og verði einnig að líta til þess við mat á sök þeirra, þ.m.t. ökumanns vélsleðans, sbr. ábyrgðarregla 3. mgr. 90. gr. umferðarlaga. M telur einnig að hann hafi ekki sýnt stórkostlegt gáleysi í greint sinn, en ef svo ólíklega vildi til þá sé sök eiganda vélsleðans þeim mun meiri.

V telur að líkamstjón M sé ekki hægt að rekja til hættueiginleika vélsleðans X sem ökutækis þar sem M hafi verið búinn að sleppa taki af sleðanum eða dráttarbeisli hans þegar hann varð fyrir tjóni auk þess sem hann hafi getað stjórnað því sjálfur hvenær hann sleppti. V telur að M hafi haft alla stjórn á aðstæðum og líkamstjón hans rakið til rangra viðbragða hans.

Álit.

Í gögnum málsins liggja fyrir lýsingar af því að M hafi hangið aftan í vélsleða, sem var ekið niður skíðabrekku, með það fyrir augum að hann næði nógu miklilli ferð til að stökkva á sérstökum stökkpalli í brekkunni. Verður að telja að í ljósi þess að vélsleðinn var notaður til þess að draga M að aðdragandi þess að M varð fyrir líkamstjóni sé notkun vélsleðans sem ökutækis. Það hvenær M sleppti taki á spottanum sem hann dró skiptir ekki meginmáli við ályktun um hvort um notkun vélsleðans X hafi verið að ræða og er einnig ljóst að t.d. hraði og vélarafl vélsleðans átti stóran hlut í því að M varð fyrir tjóni. Hvort um sig er hluti af hættueiginleikum vélsleðans sem ökutækis og verður tjónið því rakið til notkunar hans í skilningi 88. gr. umferðarlaga.

Þegar litið er til háttsemi M í skilningi 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga þykir ljóst að það að taka sér far með vélsleðanum með því að hanga aftan í honum er augljóst hættuspil og verður sú háttsemi metin M til stórkostlegs gáleysis. Þegar tekið er mið af aðstæðum öllum þykir rétt að skerða rétt hans til bóta um þriðjung (1/3). M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu vélsleðans X að 2/3 hlutum af heildartjóni sínu.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu vélsleðans X, en bætur til hans skerðast um 1/3 hluta af heildartjóni hans.

Reykjavík, 17. janúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.